

## Reglur um staðbundnar lotur Samþykktar á deildarfundi Ferðamáladeildar 08.03.2017

Í öllum námskeiðum við Ferðamáladeild eru staðbundnar lotur nema annað sé auglýst sérstaklega. Ákvörðun um að bjóða ekki upp á staðarlotu í ákveðnum námskeiðum skal tekin sameiginlega af deildarstjóra og viðkomandi kennara. Ákvörðun um að veita undanþágu fyrir mætingu í staðbundna lotu er tekin af kennara námskeiðs. Flestar eru þessar lotur á Hólum, en einnig getur verið um að ræða vettvangsferðir og lotur annars staðar á landinu.

### Markmið með staðbundnum lotum er að:

- a) auka fjölbreytni í kennslu og námi.
- b) kenna þá þætti námsins sem erfitt er að kenna í fjarnámi, svo sem verklegar æfingar eða kennsla, heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir, gestafyrirlestrar, hópavinna, verkefnaskil í stofu o.fl.
- c) auka aðgengi að kennurum og tengsl milli nemenda og kennara.
- d) efla tengsl milli nemenda með hópavinnu og félagslegri samveru.
- e) stuðla að gagnrýnum umræðum, greiningu og úrvinnslu á námsefni meðal kennara og nemenda.

### Mæting í staðbundnar lotur:

- a) ætlast er til að nemendur mæti í staðbundnar lotur.
- b) tímasetning staðbundinna lota er birt með góðum fyrirvara í þeim tilgangi að nemendur geti skipulagt sig með tilliti til tíma og fjárhags, geti samið við vinnuveitendur, skipulagt barnapössun og undirbúið sig fyrir staðbundnar lotur eftir því sem við á.
  - a. Vikuskipan skólaársins, þar með taldar staðbundnar lotur, birtast á Uglu fyrir 1. mars ár hvert og gildir fyrir komandi skólaár.
- c) gild ástæða þarf að liggja fyrir til að sleppa lotu í námskeiði og að öllu jöfn þarf að vera búið að semja um slíkt við kennara námskeiðsins með fyrirvara.
  - a. gild ástæða telst m.a. veikindi (eigin og barns), slys, dauðsföll í fjölskyldu og sambærilegt. Í slíkum tilfellum fær nemandinn sérverkefni eða annað sem kennari námskeiðsins ákveður. Nemandi þarf að skila inn vottorði vegna fjarveru, svo sem læknisvottorði eða vottorði frá vinnuveitanda til Kennsluviðs háskólans.
  - b. Utanlandsferðir, vinna eða sambærilegt telst ekki gild ástæða.

### Landvarðaréttindi:

Afdráttarlaus skyldumæting er í eftirfarandi námskeið enda eru þau forsenda þess að öðlast landvarðaréttindi sem veitt eru í samstarfi við Umhverfisstofnun og innifalin eru í BA gráðu í ferðamálafræði (FBA námsleið): Ferðamál (FER1206), Umhverfisfræði (UMH1406), Gönguferðir, leiðsögn og stígagerð (GÖL1606), Menning og ferðamál (MEF1206), Gestamóttaka, gisting og veitingar (GGV1506) og Náttúra Íslands (NÁT1806).